

Stærðfræði og listir

Vakin er athygli ykkar á námskeiði um stærðfræði og listir sem haldið er í samstarfi

Rannsóknarstofu um stærðfræðimenntun, Flatar, samtaka stærðfræðikennara og RannUng.

Sjá nánari upplýsingar í meðfylgjandi auglýsingu og hægt er að skrá sig með því að smella hér.



Stærðfræði og listir

Stærðfræðinám á listasafni

Námskeið fyrir eldri börn leikskóla og yngsta stig grunnskóla

Listamenn nýta stærðfræði mikið við listsköpun sína og áhugavert er að skoða listaverk með gleraugum stærðfræðinnar.



Námskeiðið er tvískipt. Í fyrra skiptið verður hist á listasafni Ásmundar Sveinssonar og sýningin þar skoðuð. Gefin verða dæmi um hvernig vinna má með börnum á aldrinum 4-9 ára með stærðfræði út frá listaverkunum. Síðan verður haldið á Menntavísindasviði HÍ við Stakkahlíð þar sem rætt verður um reynsluna og verkefni unnin í tengslum við listaverkin á safninu.



Seinna skiptið verður á Menntavísindasviði HÍ en þá ræðum við áfram reynsluna af Ásmundarsafni ásamt því sem unnið verður með nýjar hugmyndir tengdar listum. Reynsluna ættu kennarar að geta notað með nemendum á öðrum sýningum.

Kennt verður mánudaginn 13. nóvember á listasafni Ásmundar Sveinssonar og á Menntavísindasviði HÍ við Stakkahlíð. Seinni tíminn fer fram mánudaginn 27. nóvember á Menntavísindasviði HÍ. Kennslutími er kl. 15 – 17 báða dagana.

Kennarar: Kristína Ragnarsdóttir kennari í Háteigsskóla og Margrét S. Björnsdóttir aðjúntkt og verkefnastjóri á Menntavísindasviði.

Námskeiðsgjald er kr. 10.000,- og [fer skráning fram hér.](#)

Samstarf Rannsóknarstofu um stærðfræðimenntun,
Flatar, samtaka stærðfræðikennara og RannUng



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ



iRannUng
Rannsóknarstofa í
menntunarfæðum ungra barna